

**Sþ. 35. Tillaga til þingsályktunar [33. mál]**  
um undirbúning löggjafar um stjórn stærri kaптúna.

Flm.: Bernharð Stefánsson, Stefán Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka til athugunar, hvernig stjórn hinna stærri kaптúna verði bezt og haganlegast komið fyrir, og að undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar um það efni fyrir næsta Alþingi.

**Greinargerð.**

Þegar fólki hefur fjölgað i kaптúnum og framkvæmdir vaxið þar, hefur reynzt erfitt að fá hæfa menn til að gegna þar hreppsnefndaroddvitastörfum i hjáverkum eða hafa aðrar framkvæmdir fyrir kaптúnið á hendi. Úr þessu hefur verið reynt að bæta á ýmsum stöðum með því að skipa sérstaka lögreglustjóra i kaптúnunum. En þessi lausn málsins hefur gefizt misjafnlega, m. a. hefur sums staðar ekki þótt fært að fela lögreglustjórunum oddvitastörfin nema til bráðabirgða, og hafa þá kaптúnin verið litlu nær að því leyti. Auk þess er þessi tilhögun tiltölulega dýr fyrir ríkissjóð. Oft kann og að haga svo til, að ekki sé þörf á sérstökum lögreglustjóra i kaптúni, þó að þörf sé á sérstökum starfsmanni fyrir kaптúnið, er hafi svipað verkefni og bæjarstjórar i bæjum.

Hér er því lagt til, að ríkisstjórnin taki mál þetta til athugunar og undirbúi nauðsynlegar breytingar á sveitarstjórnarlögunum, er fullnægi þörf kaптúnanna að þessu leyti.